

Ósk um að breyta notkun á styrk

Til : Tinna Ólafsdóttir
Frá : Sæbjörg Freyja Gísladóttir <sabjorg@gmail.com>
Heiti : Ósk um að breyta notkun á styrk
Málsnúmer : 2020010033
Málsaðili : Atvinnu- og menningarmálanefnd
Skráð dags : 18.03.2021 10:56:39
Höfundur : Sæbjörg Freyja Gísladóttir <sabjorg@gmail.com>

Hæ, viltu koma þessu áfram á atvinnu- og menningarmálanefnd fyrir mig

Undirrituð óskar eftir því að fá að nota þær 50.000 kr sem hún fékk í menningarstyrk árið 2020 fyrir annað verkefni en styrkt var í fyrra.

Verkefnið *Að búa með fjöllum, prentun og umbrot bókar*. fékk 50.000 kr styrk frá Ísafjarðarbæ í fyrra en Sæbjörg hefur unnið að gerð viðtalsbókar sem fjallar um flóðin á Suðureyri og Flateyri 2020 og hvernig það er fyrir íbúa þessa þorpa að búa með fjöllum sem geta skapað þeim hættu yfir vetrartímann. Heimsfaraldur Covid 19 setti töluvert strik í þessar fyrirætlanir Sæbjargar og ekki hafa öll viðtöl fyrir bókina verið tekin. Að auki er í bígerð að setja upp tvö snjóflóðasöfn eða sýningar á Flateyri svo það er að bera í bakkafullan lækinn að ætla að skrifa bók um sama.

Miklu nær væri að fagna lífinu og gleðinni og þess vegna óskar Sæbjörg eftir því að fá að nota styrkinn til að greiða trúbadornum Sigga Björns fyrir að spila á tónleikum og segja sögur í beitningaskúrunum á Flateyri á sjómannadaginn. Beitningaskúrarnir hýsa nú fyrirtæki Sæbjargar Kalksalt ehf. og er í eigu þess en Sigggi, ásamt fjölmörgum Flateyringum, vann þar við beitningar á árum áður. Fjölmargar sannar og meira sannar sögur urðu til í þessu húsi og Sigggi hefur fallist á segja þær flestar og spila lög með í tengslum við sjómannadagsdagskránnu á Flateyri 2021. Hér er því óskað eftir að fá að nota þessar 50.000 krónur uppí greiðslu til hans.

Sæbjörg Freyja Gísladóttir